

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn

<b>Dagsetning</b>	7.9.2011	<b>Fulltrúi(ar) UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason og Eva Dögg Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag Ve. Þórshöfn		
<b>Heimilisfang</b>	Eyrarvegi 16	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1. febrúar 2014
<b>Kennitala</b>	630169-2759	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	15.20.7	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Rafn Jónsson
<b>Starfsemi</b>	Fiskimjölsframleiðsla	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	66° 11,835'N, 15° 20,234'W

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Niðurstöður úr frárennismælingum höfðu ekki borist Umhverfisstofnun þegar eftirlitið fór fram og er það frávik frá starfsleyfi. Einnig var gerð athugasemd við að TVN-skýrslur höfðu ekki verið sendar Umhverfisstofnun en þær á að senda þrisvar á ári, 1. janúar, 1. maí, og 1. september. TVN-skýrslum var skilað í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með forsvarsmönnum fyrirtækisins þar sem farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu, gögn og ákvæði í starfsleyfi ásamt öryggisblöðum, kvittunum fyrir móttöku úrgangs o.fl. Ný uppfærð viðbragðsáætlun var afhent í eftirlitinu ásamt TVN-skýrslum.

Eftir fundinn var farin eftirlitsferð um verksmiðjuna í þeirri röð sem framleiðsluferlið fer fram, þ. e. byrjað var í móttökusalnum og síðan farið í gegn um verksmiðjuna í sömu röð og hráefnið fer í gegn og endað í mjölnúsinu. Eftir ferðina í gegn um verksmiðjuna var farið á útisvæðin og þar var litið á fituskilju sem á að taka alla fitu úr frárennslinu áður en það fer til sjávar (virkni fituskilju könnuð).

### FRÁVIK

Samkvæmt gr. 3.10 í starfsleyfi skal fyrirtækið skila inn til Umhverfisstofnunar niðurstöðum frá frárennismælingum einu sinni á ári. Engar niðurstöður frárennismælinga hafa borist Umhverfisstofnun.



### **Athugasemd 1:**

Samkvæmt gr. 2.6 í starfsleyfi skal fyrirtækið að skila inn skýrslum um TVN-gildi þrisvar á ári. Engar skýrslur höfðu borist Umhverfisstofnun fyrir árið 2011. Skýrslur voru afhentar meðan á eftirliti stóð en ítrekað var að skýrslum skuli skilað á réttum tíma.

### **Önnur atriði:**

Töluverðar breytingar er verið að gera á verksmiðjunni þannig að fyrirtækið mun sækja um nýtt starfsleyfi. Verið er að byggja nýtt ketilhús og setja nýjan og mun hærri skorstein en verið hefur og sú breyting verður einnig að í stað þess að eyða lyktinni sem kemur úr þurrkurum verksmiðjunnar með bruna í kötlum verður henni eytt í þvottaturni.

Reykjavík, 14/09/2011

---

Ólafur Kristinn Tryggvason